

Reykjavík 13.2.2019.

Efni: Athugasemd til borgarráðs, varaborgarráðsfulltrúa og áheyrnarfulltrúa, vegna fyrirhugaðrar samþykktar á deiliskipulagi fyrir topp Úlfarsfells í borgarráði 14. febrúar þannig að borgarráð geti fyrirbyggt kosntaðarsöm og hugsanlega ólögleg mistök.

Kæru fulltrúar.

Fyrir borgarráði liggur þann 14. febrúar 2019 skv. dagskrá að samþykkja deiliskipulag vegna fjarskiptamannvirkis á toppi Úlfarsfelli. Með endurbótum á fyrirliggjandi mannvirki á að fækka stöðum til útvarpsendinga á höfuðborgarsvæðinu úr fjölmörgum í 1 staðsetningu að lesið verður.

Slíkt, veita, er varðar allt höfuðborgarsvæðið er skýrt viðfangsefni svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins skv. lögum og svæðisskipulaginu sjálfu. Þar hefur þó ekkert verið um þetta fjallað né samþykkt þannig að deiliskipulagið gætti samræmis við æðra skipulag. Lög gera kröfu um slíkt.. Samþykki borgarráð deiliskipulagið, að ég tali ekki um vitandi vits um þennan þátt málsins, þá tekur það fram fyrir hendur á öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins að Reykvíkum frátöldum, og kjörnum fulltrúum þeirra í sveitarstjórnnum sem ákvarðanir taka um svæðisskipulag. Um alvarleika slíkrar tjá valdatöku fer ekki á milli mála.

Slik ákvörðun myndi birtast sem áframhaldandi ánýðsla Borgarinnar á íbúum höfuðborgarsvæðisins, en eins og kunnugt er hefur Borgin, byggingarfulltrúi og kjörnir fulltrúar ítrekað hafnað að láta fjarlægja fyrirliggjandi fjarskiptamannvirki á Úlfarsfelli hvers byggingarleyfi Reykjavíkurborgar var fellt úr gildi af úrskurðarnefnd þegar árið 2012, og málaleitan RVK um að fá að gefa út byggingarleyfi hafi í raun verið hafnað af Skipulagsstofnun áður sama ár, og enn fremur ítrekað hafnað af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála árið 2015. Lengi má manninn reyna.

Ólögmeta fjarskiptamannvirkið er og var í ósamræmi við skipulag. Því vaknar einnig upp sú stóra spurning til hvers RVK stendur í skipulagsgerð ef kjörnir fulltrúar og embættismenn hundsá það, og gefa út leyfi í trássi við skipulag og lög, með öllum þeim kostnaði sem setja þarf í og tíma sem leggja þarf til.

Enn fremur tel ég ekki ljóst af fyrirliggjandi gögnum og samþykktum borgarstjórnar að borgarráð hafi heimild borgarstjórnar til samþykktar deiliskipulags, og virðast ýmsar fleiri brotalamir lagalegar vera í málsmeðferðinni en þetta er í frekari skoðun. Ég er vel kunnugur skipulagsmálum og lögum eftir um 10 ára starf hjá Skipulagsstofnun, kærúmal vegna ógildingar byggingarleyfisins og sem fyrrverandi formaður íbúasamtaka Úlfarsárdals.

Ég hvet því ykkur, fulltrúar góðir til að samþykkja ekki deiliskipulagið, heldur hafna samþykkt þess á ofangreindum grundvelli. Í versta falli fresta samþykkt þess á meðan fyrrgreindir þættir eru skoðaðir sbr. ábendingar, og kýrskýrar séu heimildir borgarráðs til samþykktar deiliskipulags.

Erindi til skipulagsnefndarfólks og athugasemd við auglýst deiliskipulag eða lýsingu þess frá desember 2018 og skýrir málið betur er meðfylgjandi.

Reykjavík 13. febrúar 2019.

Ingimundur Stefánsson, íbúi í Úlfarsárdal.